

# Krílakot

Fréttabréf 13. október 2023

**VIRÐING**  
**JÁKVÆÐNI**  
**METNAÐUR**



## Komið sæl kærur foreldrar

Í þessu fréttabréfi er stiklað á stóru um starfið okkar hér á Krílakoti. Þar er að finna upplýsingar um verkefni okkar og reglur. Einnig er bent á ýmsar upplýsingar sem eru að finna á heimasíðunni okkar.

Viljum benda ykkur á að skoða skóladagatalið okkar vel þar koma fram þeir dagar sem lokað er ásamt öðrum upptákum. Einnig að kíkja inn á heimasíðuna en þar eru settar ýmsar fréttir og myndir af nemendum.

Að lokum viljum við þakka ykkur fyrir samstarfið það sem af er vetri og vona að samskipti milli heimilis og leikskóla haldi áfram að vera jafn góð og hingað til.

Bestu kveðjur

Gunna Dóra og Ágústa Kristín

## Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2023-2024

Una Dan Pálmadóttir  
Júlía Ósk Júlíusdóttir  
Súsanna Svansdóttir  
Kolbrún Svansdóttir

Stöndum saman að velferð barna okkar

## Foreldraráð 2023-2024

### Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Annel Helgi Daly Finnbogason  
Kristrún Birna Hjálmarsdóttir  
Garðar Hrafn Sigurjónsson  
Auður Olga Arnarsdóttir

## Sumarleyfi 2024

15. júlí til og með 13. ágúst  
Hægt er að sækja um 5. vikuna og er hún gjaldfrjáls.



## Skóladagatal veturinn 2023-2024

Skipulagsdagar skólaárið 2023-2024 en þá lokar leikskólinn

27. nóvember 2023  
2. janúar 2024  
26. janúar 2024  
3. júní 2024

### Skýringar vegna skóladagatala:

- **Haustfrí** - 23. og 24. október. Krílakot er lokað, ekki er greitt fyrir þá daga
- **Vorfrí** - 15 og 16 febrúar. Krílakot er opið en þeir sem kjósa að hafa börn sín í fríi geta fengið leikskólagjöld felld niður.
- **Milli jóla og nýárs** - Opið 27. og 28. desember en þeir sem kjósa að hafa börn sín í fríi geta fengið leikskólagjöld felld niður. LOKAÐ 29. desember ekki er greitt fyrir þann dag.
- **Páskavikan (Dimbilvika)** Krílakot er opið en þeir sem kjósa að hafa börn sín í fríi geta fengið leikskólagjöld felld niður
- **Sumarlokun:**
- Krílakot lokar í 4 vikur. Ef nemendur eru skráðir í frí 5 virka daga samfelld þess utan verða gjöld felld niður. Til þess að fá niðurfellingu gjalda þarf að skrá börnin í frí með 4ra vikna fyrirvara.
- Ekki er hægt að breyta skráningu.

## Skóladagatalið er á heimasíðu Krílakots

### Heimasíðan

Slóðinn inn á heimasíðu Krílakots er:  
<https://www.dalvikurbyggd.is/krilakot>

## Karellen

- Karellen er samskipta forrit þar sem foreldrar geta fylgst með hvernig nemendur borða, sofa og sent skilaboð. Einnig koma myndir þarna inn. Ekki er alltaf sem starfsmenn komast í að skrá nemendur inn í Karellen en reynum að hafa það klárt fyrir lok dags.
- Þegar skólagöngu nemenda lýkur býðst foreldrum að sækja myndir af barninu sínu.
- Ef þið eruð ekki með aðgang hafið þá endilega samband við Ágústu aðstoðarleikskólalastjóra og hún mun aðstoða ykkur.

## Þættir sem unnið er að í leikskólastarfi Krílakots

### Orðaleikur

Er námsefni fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eru að læra íslensku sem annað tungumál. Námsefnið nýtist á fjölbreyttan hátt í leikskólastarfi og er fyrir alla sem vilja læra einfaldar aðferðir til að efla orðanám barna. Námsefnið miðar að því að kenna grunnorðaforða íslenskunnar á fjölbreyttan hátt og mynda þannig krækjur til að kenna flóknari orð.

Slóð inn á orðaleiks síðu

<https://sites.google.com/view/ordaleikur/heim>



### Grænfáni

Við minnum ykkur á að hafa taupokana alltaf hangandi í hólfum nemenda. Við setjum óhreinan fatnað í þá í stað þess að nota plastpoka.



Foreldrafélag leikskólans gefur pokana

### Uppbyggingarstefnan

#### Reglur skólans

**Kennarastólinn er fyrir fullorðna:** Til að koma í veg fyrir slys er reglan að hringstólarnir í forstofunni eru eingöngu fyrir fullorðna.


**Við erum góð hvert við annað:** Það eru allir jafnir óháð, stöðu, aldri, þjóðerni og kyni.

**Við erum á okkar svæði og höfum hendur og fætur hjá okkur.**

**Við göngum inni með stél:** Hendur settar fyrir aftan bak og myndað stél með höndunum.

**Notum inniröddina.**

**Litahegðunar karlarnir:** Þetta eru 3 karlar í mismunandi litum sem hegða sér á mismunandi vegu. Markmið okkar í Krílakoti er að vera með græna hegðun en að sjálfsögðu erum við stundum gul eða rauð en þá fáum við aðstoð með að verða aftur með græna hegðun.



En af hverju litahegðun? Jú af því að það er hægt er að ræða um neikvæða hegðun án þess að vera persónulegur. Þetta auðveldar nemendum að greina sína eigin hegðun og annarra. Þetta er einfalt og auðskilið. Að lokum þá eru orð sett á æskilega hegðun, allir vita hvornig hún er og geta stefnt að henni.

### MIO- stærðfræði

- Hér í Krílakoti vinnum við með stærðfræðina í öllu starfi skólans og útbúum aðstæður þar sem nemendur fá tækifæri til að öðlast reynslu af stærðfræði og styðja þannig við stærðfræðiproska þess.
- MIO er skimunartæki til að fylgjast með hvar nemandi er staddur miðað við aldur.

### Lubbi



Í vetur ætlum við að vinna áfram með Lubba. Á heimasíðu leikskólans er hægt að finna söngtexta við löggin sem við erum að syngja með Lubba.

Lubbi kennir okkur máhljóðin. Í forstofunni í Krílakoti situr Lubbi og bendir foreldrum og nemendum á þann staf sem unnið er með hverju sinni.

Hægt er að lesa meira um Lubba á heimasíðu leikskólans. <https://www.dalvikurbyggd.is/krilakot/verkefni/lubbi-finnur-malbein>

### Útikennsla

Leikskólinn Krílakot hefur sett sér það markmið að efla áhuga nemenda með útikennslu. Lagt er af stað með ákveðin verkefni í huga sem nemendur vinna. Verkefni fara eftir aldri og þroska nemenda og koma inn á öll námsvið sem fram koma í Aðalnámskrá leikskóla (2011).

#### Meginmarkmið

- Að efla alhliða þroska nemenda.
- Að nemandi kynnist nærumhverfi sínu og leikskólans.
- Að nemandi kynnist náttúrunni og læri að bera virðingu fyrir henni.
- Að efla þol og úthald hjá nemendum.

<https://www.dalvikurbyggd.is/krilakot/verkefni/utikennsla>

### Heilsueflandi leikskóli

- Heilsueflandi leikskóli er á vegum embættis landlæknis og er ætlað til að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans.

Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk

- Í vetur ætlum við að vinna með fjölskyldan og tannheilsu.



# Ýmsar hagnýtar upplýsingar um Krílakot

Gott er að kynna sér eftirfarandi:

## Námskráin:

Er inn á heimasíðunni okkar og þar er hægt að sjá hvernig er unnið með hvern aldur fyrir sig.

<https://www.dalvikurbyggd.is/krilakot/skolinn/namskra-krilakots>

## Foreldrahandbókin:

Í henni geta foreldrar kynnt sér allt sem viðkemur leikskóla-starfinu okkar.

<https://www.dalvikurbyggd.is/static/files/krilakot/Foreldrar/foreldrahandbok-2022.pdf>



## Maturinn í Krílakoti

**Morgunmatur:** Boðið er upp á graut alla daga og svo cheerios, kornfleks, músli og súrmjólk. Lýsi alla daga og vatn.

**Ávaxtastund** klukkan 9:30

**Hádegismatur:** Eldað er á staðnum. Sex vikna matseðill sem rúllar. Alla jafna er fiskur tvisvar í viku, kjöt tvisvar í viku og létt máltíð á föstudegi. Vatn með hádegisverði og grænmeti alltaf í boði. Matseðill er unni eftir mannelismarkmiðum landlæknis embættisins

**Kaffitími:** Boðið er upp á brauð (heimabakað)/hrökkbrauð með áleggi s.s. kjöt, grænmeti, ostar, mjólk og vatn til drykkjar. Ávextir í boði.

Ef nemandi er með fæðuofnæmi skal koma með vottorð frá lækni.

Megi nemandi ekki borða einhverja fæðu af trúarlegum eða menningarlegum ástæðum skal ræða við skólastjóra.

## Daglegt líf í Krílakoti Dagskipulag

- Mæta í leikskólann
- Morgunmatur til klukkan 8:30
- Hópatímar
- Ávaxtastund
- Útivera
- Samvera/salerni
- Hádegisverður 11:15 hjá yngstu, 11:20 og svo 12:00 hjá elstu
- Hvíld/svefn - allir leggjast í smá stund
- Frjáls leikur eða útivera
- Nónhressing 14:30
- Frjáls leikur inni eða útivera
- Leikskólinn lokar

## Fatnaður

- Nemendur skulu klæðast þægilegum fatnaði.  
⇒ Í leikskólanum getur komið málning í fatnað eða annað sem verið er að vinna með svo veljið fatnað sem má sjást á.
- Útifatnaðar þarf að vera til staðar, skór og stígvél.  
⇒ Fatnaður sem nemendur eiga ekki að klæðast skal geymdur heima, ekki hanga í hólfulum nemenda.
- Aukaföt skulu vera til staðar og eru þau geymd í körfum á salernum.  
⇒ Mikilvægt að foreldrar kíki í körfur nemenda og fylgist með því sem vantar. Engin lánsföt eru í húsinu og verður hringt heim ef fatnað vantar.  
⇒ Pokar eru í hólfulum nemenda undir óhreinan fatnað. Foreldrar taka pokann með heim sé eitthvað í honum og skila aftur hreinum í staðinn. Mikilvægt er að koma með pokann aftur til baka.

## Hólf nemenda

- Vinsamlegast farið yfir hólf nemenda á hverjum degi. Góð regla er að setja hrein föt í töskuna eða leggja þau ofan á hana en blaut og skítug föt fara heim dag hvern.
- Á föstudögum á allt að fara heim - hólfinn tóm - tau-pokarnir mega hanga í hólfunum.
- Vagnar mega vera alla vikuna en fara heim á föstudögum.

## Hvíld

- Hvíld er strax að loknum hádegisverði. Allir nemendur fara í hvíld óháð aldri.
- Nemendur koma með svæfil og teppi að heiman sem sofa inni, jafnvel mjúkan tengihlut til að kúra með og snuð fyrir þau sem það nota. Á Skýjaborg sofa þau í vögnum.
- Vinsamlegast hringið ekki á bilinu 11:30-13:00 nema nauðsynlegt sé því þá er matur og hvíld og mikilvægt að starfsfólk fái næði til að sinna börnunum.

# Ýmsar hagnýtar upplýsingar um Krílakot

## Hver má sækja nemendur

Eins og kemur fram í foreldrahandbókinni þá mega börn yngri en 12 ára ekki sækja nemendur leikskólans.

Láta þarf vita ef einhver annar en foreldri kemur að sækja þetta er upp á öryggi nemenda.

Hringt verður í foreldra til að fá staðfestingu ef ekki hefur verið tilkynnt um að annar kemur til að

## Fjarvistastefna Krílakots

Nú nýlega var samþykkt fjarvistastefna Krílakots endilega kynnið ykkur stefnuna á heimasíðu Krílakots undir skólinn.

<https://www.dalvikurbyggd.is/krilakot/skolinn/falidunarstefna-krilakots-1>

## Samstarf er við heilsugæsluna

Hjúkrunarfræðingar taka þroskamát 2,5 ára og 4 ára niður á heilsugæslu en kennarar fylla út lista sem foreldrar skrifa undir.

Leikskólinn fær svo niðurstöður þroskamatsins.

## Foreldrasamtöl

- Á haustönn, október, geta foreldrar óskað eftir samtölum við deildarstjóra/kennara barna sinna.
- Á vorönn fara allir foreldrar í samtál þar sem farið er yfir líðan og gengi barnanna í leikskólanum.
- Sé þörf á eru haldnir aukafundir.



## Proskamat

- Fyllt er út Tras, MIO og hreyfifærni nemenda tvisvar á ári og er það í höndum hópstjóra í samráði við deildarstjóra.
- Markmiðið er að skoða hvernig nemendum gengur í leik og starfi.
- Proskalýsingar fylgja nemendum svo áfram upp í Grunnskóla Dalvíkurbyggðar. Flytji fólk úr sveitarfélaginu fá foreldrar/skóli afrit.
- Allir nemendur fara í EFI málproskapróf í leikskólanum - 3,5 ára og í Hljóm próf við 5 ára aldur

## Veikindi nemenda

- Sé barn veikt skal það vera heima og foreldrar láta vita í leikskólann.
- Sé barn búið að vera veikt heima, með hita og slen, er æskilegt að halda barninu heima í 2 daga hitalausni áður en það kemur aftur í leikskólann.
- Lyf eru ekki gefin í leikskólanum nema í undantekningar tilfellum.
- Hægt er að óska eftir að barn sé inni eftir langvarandi veikindi í 1-2 daga ef mögulegt er og það raskar ekki

## Trúnaður

- Mikilvægt að foreldrar og aðrir gestir gæti þagmælsku og trúmennsku við skólann.
- Þetta á við um allt sem foreldrar sjá og heyra í fataherberginu, í aðlögun, í leikskólanum eða á lóð hans.

**Allt sem ég heyri í Krílakoti og sé geymi ég hjá sjálfum mér!**

